

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 20. desember 2021 í máli nr. 41/2021

Kæruneftndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 23. mars 2021 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína við flutning á varmadælu og krefst þess að reikningur vegna vinnunnar verði lækkaður. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 26. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 7. apríl 2021. Athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila bárust 8. apríl 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, afrit af útgefnum reikningi varnaraðila vegna verksins, dags. 16. nóvember 2020, afrit af skriflegum samskiptum og bréfaskriftum milli sóknaraðila og varnaraðila, afrit af upplýsingum úr leiðbeiningabæklingi sem fylgdi með varmadælu sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og fyrri viðsemjanda sóknaraðila sem seldi sóknaraðila varmadæluna og setti hana upp, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og innflytjanda varmadælnunnar, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og innheimtuaðilans Inkasso, svo og viðauki IV við tilskipun 2009/28/EB.

Með bréfi, dags. 7. júní 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Ágreining málsins má rekja til þess að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu við pípulagnir í orlofshúsi sínu af hálfu fyrirtækisins Z, sem hér eftir verður nefnt verktakinn. Auk almennrar pípulagningarþjónustu festi sóknaraðili kaup á varmadælu af verktakanum, sem sá einnig um að setja hana upp í orlofshúsinu október árið 2019. Sóknaraðili segir fljótlega hafa komið í ljós að varmadælan virkaði ekki sem skyldi, þar sem óhljóð bárust frá henni, hún titraði og slökkti ítrekað á sér. Þá hafi hlaðist á hana ísing yfir veturinn. Sóknaraðili kveðst hafa tilkynnt verktakanum um galla á fyrstu dögum eftir uppsetningu dælnunnar. Kveðst sóknaraðili hafa kvartað ítrekað vegna annmarkans.

Að beiðni innflutningsaðila og umboðsaðila varmadælnunnar hér á landi, fyrirtækisins A, hér eftir nefndur efnissali, sem seldi varmadæluna til verktakans, var varnaraðili fenginn til þess að meta varmadæluna og leysa þau vandamál sem væru til staðar. Niðurstaða starfsmanna varnaraðila var sú að varmadælan virkaði ekki eðlilega og var samþykkt af hálfu efnissalans að skipt yrði um útítækið. Tveir starfsmenn varnaraðila mættu til að vinna það verk þann 1. júlí

árið 2020. Þegar búið var að skipta um útitækið segir sóknaraðili að henni hafi verið tilkynnt af starfsmanni varnaraðila að frekari vandamál væru til staðar. Einhver fyrirstaða væri í leiðslum og þörf væri á frekari viðgerð. Starfsmenn varnaraðila þyrftu því að koma aftur til að framkvæma þá viðgerð.

Sóknaraðili óskaði eftir því að starfsmenn varnaraðila tækju að sér að færa útitækið lengra frá sumarhúsinu en tækið hafði verið staðsett á húsinu sjálfu. Tók sóknaraðili þá ákvörðun eftir að hafa ráðfært sig við starfsmann varnaraðila. Segir sóknaraðili að hennar skilningur hafi verið sá að hagkvæmt yrði að framkvæma þá breytingu í tengslum við það að viðgerðinni yrði lokið í þeirri endurkomu sem var fyrirhuguð. Sóknaraðili segir starfsmenn varnaraðila hafa tilkynnt sér að hún ætti ekki að kveikja á varmadælunni fyrir en að viðgerð lokinni. Til þess að færa útitækið varð að smíða undirstöður og var því lokið þann 8. september 2020. Starfsmenn varnaraðila mættu til verksins rúmlega tveimur mánuðum síðar, þann 13. nóvember 2020. Af gögnum málsins verður ráðið að fyrirhugaðri viðgerð hafi þá verið lokið auk þess að útitækið var fært lengra frá sumarhúsinu og fest á stólpa sem settir höfðu verið upp. Mætti annar starfsmanna varnaraðila aftur á svæðið degi síðar til að athuga hvort allt starfaði eðlilega.

Varnaraðili gaf út reikning vegna verksins, dags. 16. nóvember 2020, að fjárhæð 248.257 krónur. Með reikningnum er krafist greiðslu fyrir vinnu í tíu klukkustundir auk aksturs- og efniskostnaðar. Sóknaraðili telur að sér sé óskyld að greiða fyrir hluta þess verks sem krafist er greiðslu fyrir. Þá telur sóknaraðili að tímagjald varnaraðila og efniskostnaður sé hærri en almennt geti talist eðlilegt í skilningi 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Krefst sóknaraðili þess að kærunefndin meti sanngjarnt endurgjald vegna vinnu og efniskaupa við færslu útitækisins. Við það mat skuli nefndin ganga út frá því að þörf hafi verið á að taka tækið niður vegna viðgerðarinnar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og henni verði gert að greiða útgefinn reikning.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa mótmælt útgefnum reikningi símaleiðis um leið og hann barst. Telur sóknaraðili að sér beri ekki að greiða fyrir viðgerðina og akstur þar sem sá kostnaður hljóti að falla á þann aðila sem beri ábyrgð á gallanum. Að sögn sóknaraðila fékk hún þær upplýsingar að efnissalanum hefði verið sendur reikningur vegna viðgerðarinnar sem þeir hefðu hafnað að greiða vegna deilna við verktakann sem setti upp dæluna. Varnaraðili hafi þó ekki orðið við beiðni sóknaraðila um afrit af þeim reikningi.

Krafist var greiðslu fyrir tíu tíma vinnu samkvæmt útgefnum reikningi. Hafi varnaraðili krafist greiðslu fyrir vinnu við að taka saman nauðsynleg tæki og hlaða í bifreið varnaraðila, starfsmenn varnaraðila hafi verið á staðnum í um fjóra tíma og akstur hvora leið taki um 30 til 40 mínútur. Telur sóknaraðili þaf af leiðandi liggja fyrir að varnaraðili hafi krafist hana um greiðslu fyrir viðgerðina, sem varnaraðili segi hafa tekið minna en eina klukkustund, auk aksturs til og frá verkstað, sem sóknaraðila hafi ekki borið að greiða. Sóknaraðili gerir einnig athugasemd við þá fullyrðingu að viðgerðin hafi tekið minna en klukkustund, enda vandséð hvers vegna hafi verið þörf á endurkomu fyrir svo einfalda viðgerð. Að auki hafi sóknaraðila verið gert að hafa slökkt á dælunni þar til viðgerð væri lokið. Samkvæmt skýringum varnaraðila á einfaldleika viðgerðarinnar hefði mátt ljúka viðgerðinni mun fyrir.

Sóknaraðili kveðst hafa reynt að fá upplýsingar um hvert sé eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu sem sóknaraðila beri að greiða fyrir og efniskostnað, en ekki fengið nægilega skýr svör. Telur sóknaraðili þó liggja fyrir að sér beri ekki að greiða fyrir þann tíma sem viðgerðin tók, aksturinn til og frá verkstað og þann tíma sem ferðin tók, enda hafi starfsmenn varnaraðila þurft að mæta aftur á staðinn til að ljúka viðgerðinni. Hafi það verið forsenda þess að sóknaraðili bað um flutninginn á sama tíma og viðgerð færi fram. Jafnframt telur sóknaraðili vafamál hvort henni beri að greiða virðisaukaskatt af efninu, enda geri hún ráð fyrir að varnaraðili hafi ekki

greitt virðisaukaskatt við kaup á því, sbr. álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa frá 2. september 2010 (M-88/2010).

Sóknaraðili hefur gert sérstaka athugasemd við kröfu varnaraðila um greiðslu fyrir kælimiðil. Telur sóknaraðili að sú krafa sé óviðkomandi flutningi tækisins. Hefði varnaraðili svarað athugasemdum sóknaraðila þannig að taka hefði þurft allan kælimiðil af tækinu til að flytja það og bæta frekari kælimiðli á tækið því það væri nú lengra frá sumarhúsinu. Væri það ótengt viðgerðinni. Ennfremur hafi verið fullyrt að ekki hefði verið þörf á að taka tækið niður til að ljúka viðgerð á því. Sóknaraðili segir að samkvæmt ítarlegum uppsetningarleiðbeiningum, sem fylgdu tækinu, sé ekki að sjá að þörf hafi verið að taka kælimiðil af tækinu fyrir tilfærslu, enda gangi sóknaraðili út frá því að tækið sem var sett upp í stað þess gallaða hafi verið nýtt tæki. Tækið komi frá framleiðanda með kælimiðlinum í, og fylgi sérstakar leiðbeiningar um það hvort og hvenær þörf sé á að bæta meiri kælimiðli á tækið. Þar segir að þegar tækið er staðsett fjarri inntaki og pípurar eru yfir 10 metrar að lengd skuli bæta við 20 grömmum af kælimiðli fyrir hvern metra umfram 10 metra. Eftir tilfærslu hafi tækið í tilviki sóknaraðila verið staðsett 7,1 metra frá inntaki og pípurar samtals 8,8 metrar á lengd. Hafi því ekki átt að vera þörf á viðbótarkælimiðli og hvað þá þeim 2 kílógrömmum sem krafist hafi verið greiðslu fyrir samkvæmt reikningi. Sóknaraðili segir það hafa verið skilning sinn að varnaraðili yrði að mæta aftur á staðinn til að ljúka viðgerðinni, meðal annars vegna þess að það þyrfti að taka tækið aftur niður. Ef aðeins þarf að skipta um kælivökva þegar tækið er tekið niður, líkt og varnaraðili hafi haldið fram, hefði aðeins átt að krefjast greiðslu frá sóknaraðila vegna viðbótarkælivökva. Telur sóknaraðili að skipti á kælivökvanum hafi stafað af viðgerðinni en ekki flutningnum.

Sóknaraðili telur að sem sérfræðingum á þessu sviði hafi starfsmönnum varnaraðila borið að veita henni upplýsingar um hugsanleg vandkvæði vegna viðgerðarinnar og þann aukakostnað sem henni yrði gert að greiða vegna flutnings útitekisins. Hafi þeim borið að upplýsa sóknaraðila um það að færsla tækisins væri umfangsmikið verk þar sem sóknaraðili hafi gert ráð fyrir því að hagkvæmt væri að vinna verkið samhliða því að viðgerð var lokið. Ef þær upplýsingar hefðu verið veittar hefði sóknaraðili haft færi á að taka upplýsta ákvörðun um það hvort hún vilji láta reyna á það hvort og hvernig tækið virkaði eftir viðgerð, og hvort hún vilji að þeirri reynslu fenginni, leggja í þann kostnað að láta færa tækið, sbr. 4. og 6. gr. þjónustukaupalaga. Sóknaraðili kveðst hafa reynt að leita sátta og boðist til að greiða inn á kröfuna en ekki hafi verið sýnt fram á vilja til sátta af hálfu varnaraðila. Hafi starfsmenn varnaraðila aðeins boðist til að taka sína vinnu til baka og setja upp gömlu biluðu varmadæluna að nýju. Nýja varmadælan bilaði svo þann 5. mars 2021.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir í andsvörum sínum á að varmadælan sem sóknaraðili keypti hafi bilað innan ábyrgðartíma. Söluaðilinn sjálfur, þ.e. innflytjandi dælnnar, sem hér hefur verið nefndur efnissalinn, hafi ekki talið sér fært að gera við hana og hafi varnaraðili verið fenginn til að vinna þá vinnu á kostnað efnissalans. Sóknaraðila hafi ekki verið sendur neinn reikningur sem tengist ábyrgðarvinnu á tækinu. Sóknaraðili hafi hins vegar óskað eftir því að varnaraðili ynni ákveðna vinnu fyrir hana sjálfa sem fólst í því að færa varmadælu, sem hékk á húsvegg orlofshússins, um rúmlega 10 metra frá fasteigninni, og festa hana á staura sem höfðu verið steyptir niður. Ástæða þess að sóknaraðili vildi þá breytingu var til að takmarka að hljóð eða víbringur frá kerfinu bærist inn í húsið. Varnaraðili kveðst hafa unnið umbeðna vinnu með tilheyrandi efniskostnaði enda hafi þurft að lengja kælimiðilslagnir, raflagnir og affalslagnir. Utan um það hafi komið lagnastokkar úr plasti sem halda utan um efnið og bera það uppi á húsvegg umrædds orlofshúss. Varnaraðili telur útgefinn reikning vegna verksins hóflegan. Framkvæmdin hafi verið borin undir og samþykkt af hálfu sóknaraðila áður en verkið hófst. Varnaraðili kveðst hafa veitt sóknaraðila leiðbeiningar og upplýsingar vegna verksins til að auðvelda

ákvarðanatöku og einnig um það hve langt bil eigi að vera á milli niðursteyptu stauranna svo hengja megi varmadæluna á þá.

Varnaraðili telur ekki eðlilegt að sóknaraðili hafi ætlað efnissalanum að bera kostnað við flutning á varmadælunni og flokka það sem ábyrgðarverk. Sé það dæmi um það að skuldsetja þriðja aðila með ólögætum hætti. Krefst varnaraðili þess að sóknaraðili greiði fyrir þá vinnu sem hún óskaði eftir ásamt áföllnum kostnaði.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum segir sóknaraðili að hún hafi ávallt ætlað sér að greiða fyrir umkrafid verk sem fólst í flutningi varmadællunnar. Varnaraðili hafi þó ekki gert henni mögulegt að greiða inn á kröfuna. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki veitt fullnægjandi skýringar á reikningnum og tengslum hans við þann kostnað sem varð vegna lokaviðgerðar á varmadælunni. Ítrekar sóknaraðili að hún hafi nýtt tækifærið til að bæta við aukaverki þar sem ábyrgðarviðgerðinni var ekki lokið. Kveðst sóknaraðili hafna að greiða þann hluta reikningsins sem hljóti að fela í sér kostnað við að ljúka þeirri viðgerð sem starfsmenn varnaraðila komu upphaflega til að framkvæma. Varmadællan hafi ekki verið gangsett frá því að skipt var um útitækið í byrjun júlí árið 2020 og þar til tækið var fært um miðjan nóvember árið 2020 að beiðni starfsmanna varnaraðila. Ljóst sé að viðgerð hafi ekki verið lokið. Þá bendir sóknaraðili á að varmadællan hafi verið óstarfhæf frá 5. mars 2021 og samkvæmt skoðun seljandans hafi enginn kælivökvi verið á tækinu. Hann hafi annað hvort lekið eða verið tæmdur. Sóknaraðili tekur fram að samkvæmt mælingu sé fjarlægð í tækið 710 cm og kapallinn 880 cm.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Upphaf máls þessa má rekja til þess að sóknaraðili festi kaup á varmadælu af fyrirtækinu Z, sem hér hefur verið nefndur verktaki. Verktakinn sá einnig um uppsetningu dællunnar í orlofshúsi sóknaraðila í október 2019. Sóknaraðili varð fljótlega vör við annmarka á varmadællunni og gerði verktakanum viðvart um þá. Verktakinn hafði í kjölfarið samband við efnissalann sem seldi honum dælluna, fyrirtækisins A, sem jafnframt er dreifingaraðili vörunnar hér á landi. Efnissalinn óskaði síðan eftir því að varnaraðili, sem sér um ábyrgðarviðgerðir fyrir hans hönd, greindi orsök annmarkanna.

Varnaraðili mætti á verkstað fyrir hönd efnissalans og eftir skoðun var komist að þeirri niðurstöðu að varmadællan væri haldin galla. Var því ákveðið að starfsmenn varnaraðila tækju að sér að skipta út varmadællunni fyrir nýja á kostnað efnissalans. Af skriflegum samskiptum milli framangreindra aðila verður ráðið að þegar nýja dællan var komin upp hafi starfsmaður varnaraðila áttað sig á því að umrædd bilun hafi ekki stafað af galla á dællunni heldur af mistökum við uppsetningu hennar. Nánar tiltekið hafi lagnir verið of stuttar, brot hafi verið í röri og einnig hafi verið óhreinindi í rorum. Sóknaraðila virðist í kjölfarið hafa verið tilkynnt að viðgerð væri ekki lokið og að starfsmenn varnaraðila kæmu síðar til að ljúka henni.

Í kjölfar þeirra upplýsinga óskaði sóknaraðili eftir því við starfsmenn varnaraðila að þeir tækju að sér að færa varmadælluna frá vegg orlofshússins og koma henni fyrir á sérstökum stoðum lengra frá húsinu. Af gögnum málsins verður ráðið að verkið hafi verið unnið fyrir sóknaraðila þann 13. nóvember árið 2020 og því lokið sama dag. Þá mætti starfsmaður varnaraðila aftur á svæðið tveimur dögum síðar til þess að kanna hvort varmadællan virkaði eðlilega, sem hafi reynst raunin.

Ágreiningur málsins varðar útgeftinn reikning varnaraðila, dags. 16. nóvember 2020, að fjárhæð 248.257 krónur vegna þess verks sem unnið var í þágu sóknaraðila.

Sóknaraðili telur að sér beri ekki að greiða umræddan reikning að fullu þar sem hluti kostnaðarins tilheyrir efnissalanum og því verki sem varnaraðili vann fyrir og að beiðni hans en ekki sóknaraðila. Sóknaraðili hefur einnig bent á að hún telji sér ekki skylt að greiða reikninginn að fullu þar sem henni hafi ekki verið gerð grein fyrir því hversu umfangsmikið og kostnaðarsamt verkið væri við að færa varmadæluna.

Um viðskipti milli sóknaraðila og varnaraðila gilda ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.), sbr. 1. og 2. tl. 1. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. þkpl. ber seljanda þjónustu að vinna verk af fagþekkingu og veita neytanda upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Ákvæði 6. gr. þkpl. mælir fyrir um leiðbeiningarskyldu seljanda gagnvart neytanda og er svohljóðandi:

„6. gr. Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi. [...]

Í leiðbeiningarskyldu seljanda felst m.a., samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna, að ráðleggja kaupanda hvort vinna eigi verk eða ekki og með hvaða hætti. Þá ber seljanda þjónustu að leggja huglægt mat á það hvort ráðlegt sé að framkvæma verkið á þann hátt sem neytandi hefur óskað eftir, byggt á fagþekkingu sinni. Meginsjónarmið að baki 6. gr. þkpl. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld neytanda. Í athugasemdum segir jafnframt að ef neytandi hefur tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og breytingar verði þar á geti neytandi þurft að endurskoða ákvörðun sína. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður verulega dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Meginreglan er sú að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð fyrir þjónustu en nemur því sem hann hefði þurft að greiða seljanda ef neytandi hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hálfu seljandans. Hnígi sterk rök til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni, ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar um verðið, er neytanda heimilt að neita að greiða seljanda fyrir verkið að fullu. Í 7. gr. þkpl. segir að þrátt fyrir ákvæði 6. gr. geti seljandi krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar, að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Af gögnum málsins verður ráðið að starfsmenn varnaraðila hafi veitt sóknaraðila leiðbeiningar og upplýsingar um vinnu verksins áður en sóknaraðili tók ákvörðun um að óska eftir því að það yrði unnið. Þá veitti sóknaraðili samþykki sitt fyrir því að verkið yrði unnið með þeim hætti sem lagt var upp með. Verður einnig ráðið að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um að færsla á varmadælunni væri stærra verk en umrædd viðgerð, enda lá fyrir að varnaraðili kvaðst ekki geta framkvæmt umbeðið verk fyrr en síðar vegna þess tíma sem slíkt verk tæki. Sóknaraðila hefði í öllu falli átt að vera það ljóst, enda lá fyrir að leggja þurfti lagnir nokkra metra að þeim stað þar sem varmadælunni var komið fyrir í þágu sóknaraðila. Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að kostnaður vegna verksins hafi verið óhagkvæmur með hliðsjón af umfangi verksins eða að vinna verksins hafi leitt af sér ófyrirséð útgjöld fyrir sóknaraðila í skilningi ákvæðisins. Þvert á móti var umfang verksins fremur fyrirsjáanlegt.

Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi brotið gegn leiðbeiningarskyldu sinni.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu kemur eingöngu til skoðunar hvort verðið sem varnaraðili innheimti hafi verið ósanngjarnt. Sóknaraðili gerir athugasemd við tímagjald varnaraðila, efniskostnað og aksturskostnað, sem sóknaraðili telur hærri en almennt gerist. Þá telur sóknaraðili hluta kostnaðarins, samkvæmt útgefnum reikningi, tilheyra efnissalanum þar sem viðgerð hafi farið fram á varmadælunni á hans kostnað. Í 28. gr. þkpl. er fjallað um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi tekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Greiðslukrafa varnaraðila sundurliðast með þeim hætti í útgefnum reikningi að krafist er greiðslu fyrir vinnu tveggja starfsmanna varnaraðila í dagvinnu í fimm klukkustundir með tímagjaldinu 9.500 krónur auk virðisaukaskatts, aksturskostnaðar alls að fjárhæð 11.218 krónur eða 142 krónur fyrir hvern kílómeter auk virðisaukaskatts, alls 79 kílómetra akstur, svo og efniskostnaðar. Fyrir efniskostnað er krafist greiðslu vegna kaupa á: „110 x 90 lagnastokkar undir varmadælulagnir“ að fjárhæð 32.177 krónur, „[t]vöföld Eirrör í einangrun fyrri varnadælu 1/4“ og 3/8“ að fjárhæð 38.070 krónur, „[k]apall 3x2,5“ að fjárhæð 3.520 krónur, „[s]týristreng[...] 4x1,5q“ að fjárhæð 3.194 krónur, „[kælimiðli] R32 (ATH spilliefnagjald 2020 innifalið í verði 1688kr/kg“ að fjárhæð 15.240 krónur, svo og „[p]éttifrauð að fjárhæð 1.788 krónur.

Þjónusta við flutning varmadælnnar var unnin að beiðni sóknaraðila, án aðkomu eða samskipta við efnissalann eða verktakann. Verður því ekki fallist á að samið hafi verið um að kostnaður vegna vinnunnar hafi átt að vera að hluta eða öllu leyti greiddur af öðrum en sóknaraðila.

Sönnunarbyrðin fyrir því að umkrafid endurgjald varnaraðila hafi verið ósanngjarnt hvílir á sóknaraðila. Við mat á kröfu sóknaraðila verður meðal annars að hafa í huga að reikningur varnaraðila er að stórum hluta vegna efniskostnaðar varnaraðila, sem eðlilegt er að sóknaraðili beri. Þá er ekkert sem bendir til þess að efniskostnaðurinn hafi verið hærri en almennt gerist, að krafist hafi verið greiðslu fyrir efni sem ekki var nýtt til verksins eða að hluti efniskostnaðarins hafi í raun tilheyrt viðgerð á varmadælunni en ekki verkinu sem var unnið fyrir sóknaraðila. Þá er umkrafid tímagjald varnaraðila ekki svo hátt að það verði talið ósanngjarnt.

Fyrir liggur að tveir starfsmenn varnaraðila mættu til verksins þann 13. nóvember árið 2020. Þá tók akstur hvora leið til og frá orlofshúsi sóknaraðila um 30 til 40 mínútur. Ekki virðist uppi ágreiningur um það milli málsaðila að starfsmenn varnaraðila hafi verið á verkstað í um fjórar klukkustundir, en til viðbótar við þann tímafjölda má gera ráð fyrir eðlilegum tíma í undirbúning og frágang eftir að verki er lokið. Ekkert bendir til þess að varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir annað en það verk sem unnið var í þágu sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á að greiðslukrafa varnaraðila sé ósanngjörn í skilningi 28. gr. þkpl. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um lækkun reikningsins á þeim

grundvelli. Ekki er tekin afstaða til þess af hálfu nefndarinnar hvort sóknaraðili geti krafist greiðslu umþrættis kostnaðar í heild eða að hluta úr hendi annarra aðila en varnaraðila, þar sem slíkt álitæfni fellur utan ágreiningsefnis máls þessa.

Sóknaraðili hefur einnig krafist þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína sem nemur virðisaukaskatti á efniskostnað vegna verksins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt er skylt að greiða virðisaukaskatt til ríkissjóðs af viðskiptum innan lands á öllum stigum. Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá hvílir skylda á varnaraðila til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þegar varnaraðili keypti efnið þurfti hann að greiða virðisaukaskatt af því. Ekki verður talið óeðlilegt frá sjónarhorni kröfuréttar að varnaraðili innheimti virðisaukaskatt af efniskostnaði, enda er efnið í raun endurselt sóknaraðila. Þá er varnaraðila skylt að standa skil á virðisaukaskattinum í ríkissjóð, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1998, og því hagnast hann ekki á því að innheimta hann. Sá háttur sem varnaraðili hefur að þessu leyti er því ekki ósanngjarn í skilningi 28. gr. þkpl.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er ekki fallist á þá kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson